

Ágætu forráðamenn í Hofsstaðaskóla

Eins og áður hefur komið fram greindist mygla í Hofsstaðaskóla í sýnum sem tekin voru í október 2022. Í kjölfarið var farið í heildarúttekt á skólahúsinu. Lögð hefur verið áhersla á að grípa skjótt til aðgerða og vinnur Garðabær náíð með verkfræðistofunni Mannvit sem heldur utan um sýnatökur og aðgerðir.

Mannvit upplýsti síðdegis í dag um hluta af niðurstöðum úr sýnatökum sem gerðar voru í desember sl. Um er að ræða fimm af u.þ.b. 50 sýnum. Stjórnendur skólans, starfsfólk, foreldrar og nemendur verða upplýstir um niðurstöður jafn óðum og þær berast.

Engin mygla greindist í frístundaheimilinu Regnboganum. Loka þarf tveimur bekkjarstofum, stofu 205 og stofu 120. Einnig þarf að loka stofu 219 sem er tölvustofan og bókageymslu í risi.

Búið er að upplýsa foreldra i viðkomandi bekkjardeildum um niðurstöðuna í sérstöku bréfi. Til þess að geta brugðist við breyttum aðstæðum mun 4. ÓG vera heima a.m.k. á morgun en aðrir nemendur skólans mæta venju samkvæmt.

Enn er beið eftir frekari niðurstöðum sýnatöku. Mannvit ráðleggur bæjaryfirvöldum að grípa til þessara ráðstafana í samræmi við verklag bæjarins. Á næstu dögum munu stjórnendur og starfsmenn skólans vinna að endurskipulagningu á skólastarfinu í samræmi við nauðsynlegar aðgerðir og verða foreldrar og forráðamenn upplýstir um stöðu mála jafn óðum.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna er varða skólahald eða aðgerðir sem verður farið í á skólahúsnæðinu. Hér má nálgast upplýsingar um verklag bæjarins vegna rakaskemmda:

<https://www.gardabaer.is/umhverfi/byggingarmal-og-framkvaemdir/framkvaemdir/endurbaetur-vegna-rakaskemmda/>

Næstu skref samkvæmt verklaginu:

- Stofunum sem um ræðir verður lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir standa yfir.
- Beðið er eftir endanlegum niðurstöðum sýnatöku og þá verður hægt að leggja heildarmat á ástand skólans og í kjölfarið ráðast í endurbætur þar sem þörf er á. Ef til þess kemur verður afmörkuðum svæðum lokað með loftþéttri lokun á meðan viðgerðir standa yfir.
- Víðtækar hreingerningar verða framkvæmdar strax eftir lagfæringar ásamt hreinsun loftræstikerfis
- Að lokum mun Mannvit sjá um eftirfylgni en sýnataka fer aftur fram 2-3 mánuðum eftir að viðgerðum er lokið.

Upplýsingar veita:

Hafdís Bára Kristmundsdóttir, skólastjóri Hofsstaðaskóla, hafdis@hofsstadaskoli.is

Edda Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri grunn- og tónlistarskóla, eddabsig@gardabaer.is

Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, gudbjorgbra@gardabaer.is